

**Ed.**

**727. Nefndarálit**

[15. mál]

um frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og viðskiptabönkunum.

Nefndin er sammála um, að nauðsynlegt sé að líta á vegaframkvæmdir við hringveginn sem sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar allrar, og telur því, að eðlilegt sé að útvega fjármagn til hringvegarins, án þess að það sé einskorðað við einstaka kafla hans. En þar sem sú fjáröflun, sem hér um ræðir, er aðeins hluti af því sem þarf til þessa verkefnis, þá fellst nefndin á þessa leið nú, þar eð öðru fjármagni til hringvegarins er þá hægt að ráðstafa til framkvæmda við hann eftir því sem mest þörf er talin á hverju sinni.

Nefndin mælir því með samþykkt frv., en Albert Guðmundsson skrifar undir með fyrirvara, þar sem hann er andvígur þeirri fjáröflunarleið, sem hér er gert ráð fyrir. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 13. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson,  
form.

Jón Helgason,  
fundaskr., frsm.

Jón Árm. Héðinsson.

Albert Guðmundsson,  
með fyrirvara.

Axel Jónsson.